

Mánudaginn 24. júní 1963.

Nr. 169/1962. **Gunnar Ásgeirsson** (sjálfur)

gegn

Áka Jakobssyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Visan máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1962 til þingfestingar 1. febrúar 1963, er því var með samkomulagi aðilja frestað til fyrsta þingdags júnímánaðar 1963. Er málið var þá tekið fyrir, vildi áfrýjandi fresta því til fyrsta þingdags í október næstkomandi. Stefndi, sem andmælti þeirri frestun málsins, krafðist frávísunar þess og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur fyrir Hæstarétti lýst því, að hann hafi áfrýjað héraðsdómi, vegna þess að hann telji sig eiga skaðabótakröfu á hendur stefnda, en engri vörn hefur hann hreyft, er koma megi við í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, kr. 1.200.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, greiði stefnda, Áka Jakobssyni, ómaksbætur, kr. 1.200.00, að viðlagðri aðför að lögum.
